

Samantekt

Fjármögnun og útvistun á umsýslu með viðskiptakröfur, yfirlit og framboð kröfufjónustu (e.factoring) á Íslandi

Nemandi: Ingbór G. Júlíusson

Sérsvið: Fjármál

Dagsetning: Febrúar 2007

Með kröfufjónustu (e.factoring) er átt við að fyrirtæki (söluaðili) selji sínar viðskiptakröfur eða veðsetji þær og fái þannig fjármagn strax sem að öðrum kosti hefði verið bundið þangað til það innheimtist á gjalddaga. Til viðbótar þessari fjármögnunarþjónustu þá bjóða kröfuaðilar (e. factor) upp á útvistarþjónustu t.d. innheimtu á viðskiptakröfum, áhættustýringu, skráningu viðskiptamannabókhalda og ráðgjöf. Lítil umfjöllun hefur verið um kröfufjónustu á Íslandi og ekki víst að fyrirtæki þekki almennt kosti hennar og galla. *Meginmarkmið* ritgerðarinnar var að bæta úr því með með fræðilegri umfjöllun og rannsókn á eftirspurn eftir þessari þjónustu.

Rannsóknarspurningar ritgerðarinnar eru:

Hvaða áhrif hefur rekstrarfjárförf á fjármagnsskipan fyrirtækja? Hvað er kröfufjónusta og hvert er framboðið hér á landi? Hver er velta fjármögnunar í formi kröfufjónustu? Hvers konar fyrirtæki nýta sér helst kröfufjónustu? Hvernig fjármagna fyrirtæki á Íslandi óvænta rekstrarfjárförf? Hver eru viðhorf íslenskra fjármálastjóra til kröfufjónustu?

Kafla 1 er inngangur að ritgerðinni en í kafla 2 er fræðileg umfjöllun um rekstrarfjárförf fyrirtækja. Í kafla 3 er farið yfir feril reikningsviðskipta innan fyrirtækja og helstu atriði kröfuréttar. Í kafla 4 er umfjöllun um kröfufjónustu (e.factoring) og helstu kostir og ókostir listaðir upp. Í kafla 5 er framboð kröfufjónustu á Íslandi kortlagt og umfjöllun um þá þjónustu. Í kafla 6 er fjallað um útvistun (e.outsourcing) sem er hluti af heildar-kröfufjónustu. Í kafla 7 er rannsókn þar sem settar eru fram tilgátur og rannsóknarspurningum svarað með gögnum frá bönkum og sparisjóðum ásamt úrvinnslu úr könnun þar sem fjármálastjórar frá 137 íslenskum fyrirtækjum svöruðu spurningum er varða kröfufjónustu. Að lokum er kafla þar sem farið er yfir helstu niðurstöður ritgerðarinnar.

